

Umferðarráð kom saman til fundar þann 28. september 2006.

Svohljóðandi ályktun var samþykkt á fundinum:

„Umferðarráð lýsir þungum áhyggjum vegna síendurtekinna fréttanna af miklum hraðakstri, bæði í þéttbýli og á þjóðvegum. Í umfjöllun fjölmiðla heyrst hugtakið ofsaakstur æ oftast notað um þessi mál. Ljóst er að nokkur hópur bílstjóra og bifhjólamanna skellir skollaeyrum við hverskonar viðvörunum og sýna þessir ökumenn með hegðun sinni að þeir virðast ekki hafa skilning á, né þroska til að meta hvaða afleiðingar slíkur háskaakstur getur haft í för með sér, bæði fyrir þá sjálfa og samferðamenn. Að mati Umferðarráðs er þetta vítaverð framkoma og ófyrirgefanleg eigingirni, sem full ástæða er til að bregðast við af alefli. Þrátt fyrir margháttáðar aðgerðir gegn þessari vá á undanförunum árum hvetur Umferðarráð til enn róttækari aðgerða gegn hraðakstri og öðrum alvarlegum umferðarlagabrotum, m.a. stórhertra viðurlaga”.